

Kostir samlesturs

- Það er auðveldara að fylgjast að í lestri en lesa einn
- Tveir lesarar í sama rými geta náð verulegu samræmi.
- Flestir ef ekki allir eru góðir í þessu og þurfa ekki að æfa sig.

Hlutverk kennara í samlestri?

- Kynnir textann.
- Les textann og nemendur fylgjast með.
- Sýnir nemendum hvernig hægt er að **hugsa upphátt** (*think aloud*) og gera forspá.
- Kennari fylgist með nemendum og getur metið frammistöðu þeirra þegar þeir hugsa upphátt.

Samlestur – áherslur

Yfirþema: orðaforði – lýsingarorð – sagnorð – nafnorð

Undirþema: tilfinningar

Efni: Konan sem kyssti of mikið

Atriði til að hugsa um í texta (dæmi):

Forskeytið of – of mikið – of lítið, of sjaldan – of oft, of stór – of lítill, of gott – of vont

Lýsingarorð: ný – hress – glöð – fína – mikil – þreytt – einstæður – gamall – góða – þreytt – litir

Sagnorð í þátíð: átti – hitti – datt – voru – sest – komu – kyssti – tókst – var – greip – tóku – feyktu – flugu – kom – varð – sofnaði – fundu – bjuggu

Byrjun sögu: Einu sinni var.....

Umhverfi: Borg – strönd – fjara

Jörðin: Af hverju svífur jörðin? Hvað gerist ef hún stoppar?

Tilfinningar: hamingjusöm – glöð – fara hjá sér

Lestrarkennsla: Hugsa upphátt

Forspá

Endursögn og ritun

KONAN


SEM KYSSTI OF MIKIÐ




HALLGRÍMUR HELGASON

Borghildur Sigurðardóttir

Einu sinni **var maður** sem **átti** tvö **börn** en enga **konu**.



En svo hitti hann **nýja konu**.
Hún **var hress**.



Borghildur Sigurðardóttir


Og hún var svo glöð yfir því að eignast nýjan mann, sem auk þess átti tvö börn, að hún datt í gólfíð af hamingju.




Þegar þau voru sest til borðs komu
diskarnir fljúgandi úr eldhúsinu.




Eftir matinn kyssti konan nýja fína manninn sinn.



En það var svo mikil hamingja í kossi hennar
að maðurinn tókst á loft.




Honum rétt tókst að grípa í þakskeggið
áður en hann sveif upp í himininn.




Og svo kyssti konan börnin...



Og hún kyssti húsið...






Manninum rétt tókst að fara úr frakkanum og jakkanum og binda þá saman í björgunarkaðal og kasta honum til barnanna í trénu.



Kysstu sjálfa þig!






Þegar í háloftin kom tóku vindar að blása
og feyktu húsinu og farþegum þess út yfir
hafið.




Þau flugu lengi dags um loftin blá og loks kom að því að kossakonan varð þreytt og sofnaði. Við það tók húsið að lækka flugið. En til allrar hamingju birtist þá land við hafsbrún.



Húsið lenti á ókunnri strönd.
Gamall maður var á gangi í fjörunni.



Ég ætla að búa hérna með ykkur allt til æviloka! Í eilífri hamingju og ást!




Ég ætla að gá hvort ég finn ekki **bakarí**!
Verð engi **stund**!

En passaðu þig! Ekki kyssa neinn







Borghildur Sigurðardóttir




Ekki koma nær!



Maðurinn hugsaði málið. Hvernig var
hægt að leysa þetta vandamál?
En svo fékk hann góða hugmynd...



Kysstu jörðina.



Borghildur Sigurðardóttir



Og konan kyssti jörðina. Og jörðin sveif
upp í geiminn.


Borghildur Sigurðardóttir

Þau fundu jörðina lyftast undir
fótum sér. Eins og þau væru stödd
í lyftu.



Og maðurinn, konan og börnin bjuggu saman í húsinu á ströndinni og voru á stöðugri uppleið allt til æviloka.





Borghildur Sigurðardóttir



EINSTÆÐUR FAÐIR KYNNIST KONU SEM REYNIST
VERA HÆTTULEGA HAMINGJUSÖM.
NÝJA ÁSTIN VELDUR UPPNÁMI HVAR SEM HÚN FER.

KONAN SEM KYSSTI OF MIKIÐ ER FYRSTA BARNABÓK
HALLGRÍMS HELGASONAR.



Meira um risabækur

<http://leikar.net/SISL/>

http://leikar.net/SISL/index.php?option=com_content&view=article&id=66&Itemid=61

[http://leikar.net/SISL/images/stories/skjol/Nina Dau samlestur og risabaekur.pdf](http://leikar.net/SISL/images/stories/skjol/Nina_Dau_samlestur_og_risabaekur.pdf)